



Fundargerð

- Efni :** 226. stjórnarfundur Lagnafélags Íslands.
- Fundarstaður:** Orkustofnun.
- Dagsetning:** 18. 12. 2012
- Tími:** 15:45
- Fundarmenn:** Guðni A Jóhannesson (GAJ), Kristján Ottósson (KO), Steinar Gíslason (STG), Grétar Leifsson (GL), Kristján Kristjánsson (KK).
- Boðuð forföll:** Einar H Jónsson (EHJ), Benedikt Jónsson (BJ) , Þór Gunnarsson (PG).

Fyrir fundinum lá dagskrá í 14 liðum.

- 1. Setning fundarins, Guðni A Jóhannesson formaður.**
GAJ setti fundinn kl. 16:00.
- 2. Fundargerð 225 frá 23. október 2012.**
GAJ fór yfir fundargerð síðasta fundar og bar hana upp til samþykktar. Var hún samþykkt án athugasemda.
- 3. Sjá Fréttabréf 117 sem komið er út.**
GAJ fór yfir Fréttabréfið og kynnti innihald þess. Var það rætt og formaður hafði orð á að bréfið væri efnismikið og tóku fundarmenn undir það.
- 4. Ráðstefna var haldin 1.11.12 um heitavatnið og byggingarreglugerðina.**
Ráðstefna um heitavatnið og byggingarreglugerðina var haldin þann 1.11.12. og lýstu fundarmenn yfir að hún hefði heppnast vel í alla staði. Mættir voru um 70 manns. Málafni ráðstefnunnar var mikið rædd og lýstu menn yfir áhyggjum hvað varðar byggingarreglugerðina. Framsögurnar verða gefnar út í Lagnafréttum 41. Sjá Fréttabréf 117 og 118.
- 5. "Lofsvert lagnaverk" afhending viðurkenninga fór fram 28.11.12. (sjá heimasíðu LAFÍ) lafi.is**
KO sagði frá afhendingu viðurkenninga fyrir „lofsvert lagnaverk 2011“ sem fór fram í Hörpu þann 28.11.12 við hátíðlega athöfn að viðstöddum forseta Íslands hr. Ólafi Ragnari Grímssyni.

Eftirtaldir aðilar hlutu viðurkenningu Lagnafélags Íslands fyrir lofsvert lagnaverk í húsi Hörpu í Reykjavík fyrir árið 2011:

Mannvit hf. - Ramböll fyrir hönnun lagnakerfa.

Ísloft ehf. fyrir smíði loftræstikerfa.



ÍAV hf. pípulagnadeild fyrir pípulagnir.

Artec Consultanst Inc. fyrir hljóðvist.

Rafholt. ehf. fyrir stjórnkerfi.

Iðnaðartækni ehf. fyrir hússtjórnarkerfi.

Batterið ehf. - Henning Larsen fyrir góða samvinnu við gerð lagna- og loftræstikerfa.

Viðurkenning veitt heiðursmönnum:

Sérstök viðurkenning Lagnafélags Íslands veitt tveimur heiðursmönnum, þeim Valdimar K. Jónssyni blikksmíðameistara og Steini Þorgeirssyni véltæknifræðing.

Viðurkenning fyrir gott handverk:

Viðurkenning var veitt þeim Sigurði Gunnarssyni og Guðjóni Baldurssyni pípulagningamönnum hjá Pípulagnaverktökum ehf., fyrir sérstaklega gott handverk við endurnýjun pípulagna hjá Íslandsbanka Kirkjusandi.

(Sjá Heimasiðu lafi.is)

6 Fagraðin hafa ekki svarað fyrirspurnum framkvæmdastjóra um hvað þeim finnst að Lagnafélagið vinni að í vetur.

Framkvæmdastjóri hefur verið að velta því fyrir sér, hvaða málefni félagið eigi að setja á oddinn á næsta ári og lagt þá fyrirspurn fyrir Fagraðin. Þau hafa ekki enn svarað fyrirspurninni hvað þau leggi áherslu á.

7. Lagnakerfamiðstöð Íslands, vitið þið hver staðan er þar innan dyra?

Enginn stjórnarmanna vissi til þess að Tækniskólinn hefði sýnt lit á því að efla samninginn við Lagnakerfamiðstöðina. GAJ bað KO að gefa sér upp nafn og símanúmer hjá skólameistara Tækniskólans, hann sagðist ætla að hringja til hans eftir áramótin.

8. Framkvæmdastjóri hefur haft samband við Iðuna fræðslusetur og rætt námskeiðshald varðandi "Handbók lagnakerfa".

Samþykkt var að stefna á að halda námskeið um Handbók Lagnakerfa og Iðan sjái um framkvæmdina í samráði við Lagnafélagið. KO fylgi málinu eftir.

9. Hvenær áætlið þið að taka fyrir vandamálið sem allir þekkja en enginn vill kannast við, sem er „Lokafrágangur lagnakerfa“ ?

KO spurði hvenær meiningin væri að taka fyrir vandamálið, sem allir þekkja, en enginn vill kannast við, sem er „Lokafrágangur lagnakerfa“ ?

Ákveðið var að fresta umræðunni.

10. Námskeið fyrir eldri borgara.

KO sagði að námskeið fyrir eldri borgara hefði verið haldið þann 30. okt. 2012 og var þátttaka mjög góð. 25 sóttu námskeiðið og umræður voru líflegar og málefnalegar. Námskeiðið var haldið hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík. Rætt var stuttlega um framhald námskeiðahalda, en engin niðurstaða.



11. Vantar greinarstúfa.

KO hvatti stjórnarmenn til að senda inn til sýn greinar til birtingar í Fréttabréfi félagsins.

12. Fréttabréf 118 er í vinnslu.

KO upplýsti að fréttabréf 118 sé komið í vinnslu.

13. Lagnafréttir 41 eru í vinnslu

KO upplýsti að Lagnafréttir 41 sé komið í vinnslu um ráðstefnuna sem var haldin þann 1.11.12. um heitavatnið og byggingarreglugerðina .

14. Önnur mál.

Ekkert var boruð upp undir þessum lið.

Fleira var ekki rætt og sleit GAJ fundi kl. 17:15.

Steinar Gíslason ritari.